DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2551 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 10. júní 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Hald lagt á 30 kíló af kannabisefnum á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi haldlagði tæp þrjátíu kíló af kannabisefnum sem fundust í flutningabifreið sem staðsett var í uppsveitum Árnessýslu. Tveir aðilar voru úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins. Þeir hafa verið látnir lausir. Samkvæmt lögreglunni miðar rannsókn málsins vel áfram.

Húsleit á Selfossi og grunur um sölu á fíkniefnum

Í lok síðustu viku gerði lögreglan húsleit á Selfossi þar sem töluvert magn fíkniefna fannst, sum í söluumbúðum. Húsráðandi, sem grunaður er um sölu og dreifingu fíkniefna, var handtekinn í þágu rannsóknar málsins, en látinn laus að skýrslutöku lokinni. Lögreglan á Suðurlandi naut liðsinnis hjá fíkniefnaleitarhundinum Stormi við húsleitina. Rannsókn málsins miðar vel áfram að sögn lögreglu.

Fíkniefnasíminn öflugur liðsmaður í baráttunni við fíkniefnavandann

Lögreglan á Suðurlandi minnir á fíkniefnasímann 800 5005 og netfangið info@rls.is sem er samvinnuverkefni lögreglu og tollgæslu og liður í baráttu gegn fíkniefnavandanum. Þá má hafa sambandi við 112. Hægt er að skila inn upplýsingum nafnlaust. *-gpp*

Keppendur leggja af stað. Mynd: Dagskráin/GPP

Aldrei fleiri í Salomon Hengill Ultra hlaupinu

Keppnin Salomon Hengill Ultra Trail var haldið í níunda árið í röð þann 5.-6. júní sl. Boðið var upp á að hlaupa 5, 10, 25, 50 og 100 km. Hlaupið er þar með lengsta utanvegahlaup á Íslandi að sögn forsvarsmanna. Ræst var í 100 km hlaupið kl. 22 á föstudagskvöldið 5. júní, en alls voru 29 sem tóku þátt í 100 km hlaupinu. Það var Örvar Steingrímsson, HK sem kom fyrstur í mark í 100 km hlaupinu á tímanum 12:47:31 samkvæmt óstaðfestum mælingum og er þá brautarmet. Þá var Hlíf Brynja Baldursdóttir, FH og Náttúruhlaupum fyrst kvenna í mark á tímanum 15:57:08, sem er óstaðfest mæling og brautarmet kvenna.

Vel að öllu staðið og fullur bær

Óhætt er að segja að bærinn hafi verið sneisafullur af fólki, bæði hlaupurum og gestum. Í samtali við Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerði sem var meðal þeirra sem hvatti hlauparana áfram kom hún inn á að gríðarlega vel væri að öllu staðið í kringum hlaupið. „Það er dásamlegt að fá svona viðburð í bæjarfélagið. Hlaupið hefur verið haldið í níu skipti en aldrei nokkurn tímann verið jafn stórt og núna. Það fylgir þessu svo mikið líf og fjör og gleði, þrátt fyrir Covid og þrátt fyrir allt. Hér eru allir veitingastaðir troðfullir og bærinn er fullur af fólki. Það er virkilega gaman að því að sjá hvað fólk er ánægt með aðstöðuna og það sem bærinn og umhverfið hafa upp á að bjóða.“ *-gpp*

Eldur í sumarhúsi í landi Miðfells við Þingvallavatn

Miðvikudaginn 3. júní, laust eftir kvöldmat, voru Brunavarnir Árnessýslu kallaðar út vegna elds í sumarhúsi í landi Miðfells við austanvert Þingvallavatn. Bílar og mannskapur frá Selfossi og Laugarvatni fóru á vettvang. Mikill eldur logaði í húsinu og það var alelda þegar slökkvilið bar að garði. Einn maður var í húsinu þegar eldurinn kviknaði en hann kom sér út úr húsinu sjálfur. Áherslan í slökkvistarfinu var að hindra að eldurinn bærist í gróður eða nærliggjandi hús. Almennt gekk slökkvistarf vel þó mikið tjón hafi orðið. Nokkrar háværar sprengingar heyrðust eftir að eldurinn kviknaði, samkvæmt heimildum blaðsins. Það er mat slökkviliðsmanna að þar hafi verið um að ræða gaskúta sem hafi sprungið þegar eldurinn komst í tæri við þá. Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Árnessýslu lét hafa eftir sér að það væri ágætt að minna fólk á að geyma gaskúta utandyra í læstum geymslum. Upptökin eru enn ókunn, en málið er í rannsókn.

Ólöf María dúx

Ólöf María Stefánsdóttir er dúx FSu á vorönn 2020. 96 nemendur brautskráðust föstudaginn 29. maí sl. í óhefðbundinni brautskráningu. Vegna samkomutakmarkana var brottfarendum skipt niður í tvo hópa og tvær athafnir fóru fram, kl. 13 og kl. 15.

Ólöf María Stefánsdóttir og Aldís Elva Róbertsdóttir hlutu viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu. Dagný Rós Stefánsdóttir hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi.

Ólöf María hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og náttúrufræðigreinum. Aldís Elva hlaut að auki viðurkenningar fyrir afbragðs árangur í íslensku og dönsku. Dagný Rós hlaut að auki viðurkenningar fyrir ágætan árangur í erlendum tungumálum, þýsku og spænsku og einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur í dönsku og sögu.

Hekla Rún Harðardóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í dönsku. Hildur Helga Einarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í

Á myndinni eru þær Aldís Elva Róbertsdóttir, Ólöf María Stefánsdóttir og Dagný Rós Stefánsdóttir.

stærðfræði. Halla Helgadóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku. Anna Sigurveig Ólafsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framfarir, seiglu og afar góðan árangur í myndlist og einnig viðurkenningu fyrir vinnusemi, ástundun og miklar framfarir á námstímanum í FSu. Gróa Dagmar Gunnarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir afburða árangur í nýsköpun og miðlun. Arnar Kristinsson og Sóley Kristjánsdóttir hlutu viðurkenningar fyrir góðan árangur í leiklist. Nanna Guðný Karlsdóttir og Bjarkar Þór Sigurfinnsson hlutu viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í hönnun og textíl. Pétur Gabríel Gústafsson hlaut viðurkenningu fyrir hugmyndaríka og skapandi vinnu í kvikmyndagerð.

Bergrún Halldórsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur á hestalínu stúdentsbrautar. Halldóra Birta Sigfúsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í íþróttafræðum. Engilbert Þórir Atlason hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur og vandvirkni í vélvirkjagreinum. Brynjar Jón Brynjarsson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í rafvirkjun. Ólafur Guðni Stefánsson hlaut viðurkenningu fyrir mjög góðan námsárangur og metnað í rafvirkjun.

Sólmundur Magnús Sigurðarson og Gústaf Sæland hlutu viðurkenningar fyrir frábær félagsstörf í þágu nemenda FSu.

Nemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga sem einnig eru nemendur í FSu fluttu tónlistaratriði við báðar athafnir. Katrín Birna Sigurðardóttir lék á selló og Simon Thor Einarsson Vijn lék á píanó.

Tveir starfsmenn voru heiðraðir við starfslok, þeir Arnlaugur Bergsson og Þórarinn Ingólfsson.

Hvað gerir þú án þess að hugsa?

Gunna Stella

Eitt sinn var kona spurð að því af hverju hún skipti lambalærinu í tvennt áður en hún setti það í ofninn. Svar hennar var, „mamma gerði það alltaf“. Þegar mamman var spurð af hverju hún hafi alltaf gert það var svar hennar „mamma gerði það alltaf“. Þegar gamla konan var síðan spurð af hverju hún hafi alltaf skipt lambalærinu í tvennt var svarið hennar „„af því að ég átti ekki nógu stóran pott“. Það að börnin læra það sem fyrir þeim er haft er svo sannarlega rétt í mörgum tilfellum.

Ég hef lengi haft áhuga á mörgu sem viðkemur persónulegum vexti. Eitt af því sem spilar stóra rullu í því hvernig við vöxum, breytumst og þroskumst eru venjur sem við höfum þróað með okkur. Margt sem ég geri dags daglega geri ég algjörlega áreynslulaust. Ég vakna, bursta tennurnar, geri æfingar, fer í sturtu, borða morgunmat, drekk kaffibollann minn o.s.frv. Ef þú skoðar þinn dag áttar þú þig eflaust á því að það sama gildir um þig. Það er margt sem þú gerir á hverjum einasta degi án þess að spá mikið í það.

Hvað er það sem þú gerir dags daglega sem er vani í þínu lífi?

Hvað er það sem þú gerir sem þú endurtekur dag eftir dag án þess að spá í það. Bæði jákvætt og neikvætt.

Í bókinni The Power of Habit eru venjur flokkaðar í þrjá hluta. Fyrsta er áminning. Það er eitthvað sem kveikir á einhverju innra með þér sem gerir það að verkum að þú gerir hlutinn sem er orðin að vana. Til dæmis að setjast við matarborðið og borða morgunmat.

Venjan er síðan sú hegðun sem þú tekur sjálfkrafa þátt í, til dæmis að drekka kaffi. Það gæti verið að fara yfir að kaffivélinni, hella vatni í könnuna, setja nokkrar skeiðar af kaffi á sinn stað og ýta á hnappinn. Það síðasta er síðan verðlaunin sem þú færð fyrir að klára venjuna.

Kaffilyktin, hljóðið og svo auðvitað bragðið.

Ef þú skoðar þitt líf áttar þú þig á því að margt sem þú gerir er vani sem skiptist niður í þessa þrjá þætti: Áminning, vani, verðlaun. Það er því um að gera að nýta sér þetta þegar þú vilt skipta út neikvæðri hegðun fyrir jákvæða. Segjum svo að þú sért þreytt/ur þegar þú kemur úr vinnu og ert vanur/vön að fara inn í stofu, setjast niður og fara í símann til þess eins að dreifa huganum og slaka á áður en þú eldar kvöldmatinn. Þá gæti það að koma heim verið áminningin, venjan sú ósjálfráða athöfn að setjast í sófann og taka upp símann. Verðlaunin væru svo þau að þú nærð að hugsa um eitthvað annað en vinnuna. Til þess að festast ekki í símanum gætir þú vanið þig á að fara í íþróttaskó þegar þú kemur heim, taka rólegan göngutúr í hverfinu og á sama hátt upplifað verðlaunin. Þ.e. að dreifa huganum og slaka á. Smá saman gætir þú því breytt um venju með því einu að fara út í stað þess að fara inn í stofu.

Eins gætir þú líka náð fram jákvæðum breytingum í lífi þínu með því að tengja það við eitthvað sem þú gerir hvort eð er alla daga. Ef þú elskar að fá þér kaffi á morgnana og vilt koma inn hreyfingu í líf þitt gæti verið sniðugt að „verðlauna“ þig þannig að þú fáir kaffibollann þegar þú ert búin að hreyfa þig.

Það er hægt að yfirfæra þetta á flesta þætti lífs okkar. Oft þarf bara að skipta út einhverju „einu“ til þess að áhrifin verði góð. Ég hvet þig til að prófa þetta.

Kær kveðja, Gunna Stella

Hrós vikunnar



Karitas Tómasdóttir
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Karitas Tómasdóttir

Ég vil byrja á því að þakka Ernu minni fyrir að skora á mig að vera næsti hrósarinn. En ég ætla að hrósa mínum fyrrverandi samstarfsmönnum og nemendum Sérnámsbrautar í FSu. Með eindæmum gaman að starfa með þeim og þau tækluðu seinustu vikur skólans frábærlega miðað við krefjandi og nýjar aðstæður sem kölluðu á breytt vinnubrögð.

Karitas Tómasdóttir

Ég ætla að skora á Sigurjón Bergsson að koma með eitt sjóðheitt og gott hrós í næsta blað. Takk fyrir mig!

Sigurjón, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

97% fækkun á gistinóttum á Suðurlandi í apríl

Í tölum frá Hagstofu Íslands yfir gistinætur í apríl kemur fram að á árinu 2019 hafi verið 54.266 gistinætur á hótelum á Suðurlandi. Í apríl 2020 voru þær 1.895 eða 97% færri. Framboð á hótelherbergjum á Suðurlandi var 2.177 í apríl 2019 en 1.344 í apríl 2020. Heildarfjöldi greiddra gistinátta á landinu öllu í apríl síðastliðnum dróst saman um 96% samanborið við apríl 2019. Þar af fækkaði gistinóttum á hótelum um 97% og um 93% á gistiheimilum. Þá var 93% fækkun á öðrum tegundum gististaða (farfuglaheimilum, orlofshúsum o.s.frv.).

Greiddar gistinætur ferðamanna á öllum gististöðum voru um 20.800 í apríl en þær voru um 519.000 í sama mánuði árið áður. Um 68% gistinátta voru skráðar á Íslendinga, eða um 14.200, en um 32% á erlenda gesti eða um 6.600 nætur. Gistinætur á hótelum og gistiheimilum voru um 13.500, þar af 9.200 á hótelum. Gistinætur á öðrum tegundum gististaða voru um 7.300.

Skyndileg fækkun brottfara frá Keflavíkurflugvelli olli því að ekki náðist að safna úrtaki fyrir framkvæmd landamærarannsóknar Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands í apríl. Af þeim sökum reyndist ekki unnt að áætla fjölda gistinátta erlendra ferðamanna utan hefðbundinnar gistináttaskráningar í apríl, þ.e. á stöðum sem miðla gistingu gegnum Airbnb og svipaðar síður, í bílum utan tjaldsvæða eða innandyra þar sem ekki var greitt sérstaklega fyrir gistingu. Ráðgert er að hefja áætlun á gistinóttum erlendra ferðamanna utan hefðbundinnar gistináttaskráningar að nýju þegar framkvæmd landamærarannsóknar kemst aftur í fyrra horf.

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 8.–14. JÚNÍ 2020

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

Pistill frá bæjarstjóra Árborgar

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til sveitarfélaga vegna ákveðins hluta framkvæmda- og viðhaldskostnaðar var til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Árborgar í gær, 4. júní. Bæjarráð undirstrikaði í ályktun sinni ánægju með þau jákvæðu skref sem þarna eru tekin til að ríki og sveitarfélög geti lagst saman á árarnar í að vinna gegn efnahagssamdrætti vegna Covid-19.

Það er nefnilega þannig að sveitarfélög eiga ekki þann valkost, eins og ríki og seðlabanki, að prenta peninga til að mæta áföllum og auknum framkvæmdum. Sveitarfélögum eru skýrt markaðir tekjustofnar af hálfu ríkisins og hafa þau mjög takmarkaða möguleika til skattahækkana til að mæta tekjutapi eða kostnaðarauka.

Það er mikilvægt að ríkið og sveitarfélögin komi saman að því að vinna gegn þeim samdrætti sem leiðir af Covid-19. Til að það takist giftusamlega þurfa þessir aðilar, ásamt íbúum, að vinna saman en ekki sitt í hvoru lagi. Ofangreind endurgreiðsla virðisaukaskatts er gott skref í þessa átt.

Bæjarráð samþykkti jafnframt á fundi sínum markvissar aðgerðir til að halda vel utan um rekstur sveitarfélagsins og framgang fjárhagsáætlunar í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa af Covid-19. Markmið þeirra aðgerða er að draga eins og frekast er unnt úr rekstrarhalla á árinu 2020. Ef vel tekst til og gæfan verður okkur hliðholl næst vonandi að takmarka halla ársins við 200 milljónir króna.

Í ljósi þess vanda sem mörg sveitarfélög munu glíma við vegna Covid-19 er staðan hjá Árborg mjög góð. Ekki er útlit fyrir sambærilegt atvinnuleysi og verið er að spá annarsstaðar. Jafnframt er mikil eftirspurn eftir húsnæði í sveitarfélaginu og áframhaldandi framkvæmda- og vaxtarskeið er því einboðið.

Sveitarfélagið Árborg mun ekki leggjast í hýði eða draga saman seglin í því ástandi sem þjóðin glímir nú við. Íþróttamenningin í bænum okkar hefur sýnt og sannað að hér getur fólk tekið saman höndum og unnið stórvirki. Við höfum öll tækifæri til að leggja okkar af mörkum til kraftmeira efnahagslífs í þágu lands og þjóðar.

Gísli Halldór Halldórsson

bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar

Menningardagskrá í Bókakaffinu

Sunnudaginn 14. júní mun Bókakaffið hleypa af stokkunum þematengdri viðburðaröð sem ber heitið *Menningarsumarið í Bókakaffinu*. Viðburðirnir, sem verða samtals fjórir, munu taka mið af fordæmalausu ástandi með fjöldatakmörkunum og því er mikilvægt að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti.

Dagskráin er þrjátíu mínútna löng og verður flutt tvisvar; kl. 14:00 og 15:00.

Fyrsta dagskrá menningarsumarsins ber yfirskriftina *Nú andar suðrið* og er hún helguð þýðingum. Inni á milli lestra hljóma svo íslenskir og argentískir tónar. Fram koma: **Árni Óskarsson** sem les úr þýðingu sinni á spennusögunni *Otsjajaníje* eftir verðlaunahöfundinn Vladimir Nabokov. Bókin nefnist á íslensku *Örvænting* og er væntanleg seinna á árinu. **Pamela De Sensi** flytur verkin *Kveðju* eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og *Tango Etude nr. 3* eftir Astor Piazzolla. Pamela les einnig ögn úr ítalskri þýðingu bókarinnar *Tvöfalt gler* sem hefur farið sigurför um heiminn, auk þess sem höfundur hennar, Halldóra Thoroddsen, les brot úr bókinni á íslensku. **Hallgrímur Helgason** þýðandi og skáld les úr þýðingu sinni á *Óþelló* eftir William Shakespeare. **Helga Soffía Einarsdóttir** fjallar um þýðingu sína á bókinni *Glæpur við fæðingu* eftir Suður-Afríska uppistandarann Trevor Noah, þar sem segir frá uppvexti hans á tímum aðskilnaðarstefnunnar.

Dagskráin er styrk af Miðstöð íslenskra bókmennta og er aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

Bókakaffið er að Austurvegi 22 á Selfossi

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Birna Sigurðardóttir.**

Ástarþakkir fyrir áskorunina, kæra frænka!

Mig langar að deila með ykkur uppskrift að remúlaðisósu og sykruðum lauk sem ég komst í tæri við hjá tengdamömmu minni og smellpassar með roastbeef-steikinni.

Remúlaðisósa

250 gr. majones
U.þ.b. 2 msk. sýrður rjómi
1 tsk. sætt sinnep / Dijon
4 súrar smágúrkur,
smátt skornar
Smá safi af súru gúrkunum
1 tsk. karrý
Salt
Pipar
Smakka til.

Gott að setja „dass“ af þeyttum rjóma í sósuna áður en hún er borin fram þá verður hún léttari og skemmtilegri.

Sykraður laukur

Smjör
5 laukar skornir í sneiðar
(verður lítið úr þeim
í steikingu)
1 bolli sykur

Smjör sett á pönnuna. Laukurinn settur því næst á pönnuna og sykrinum hellt yfir. Látinn steikjast við frekar lágan hita svo sykurinn brenni ekki. Þegar laukurinn er orðinn „glær“ er gott að hækka vel undir í smá stund og klára að steikja laukinn. Á ekki að verða mikið brúnn.
Hvað annað meðlæti varðar hefur hver sína hentisemi. Mér finnst gott að hafa ferskt salat að auki og ofnbakaðar / steiktar kartöflur.

Læt líka uppskrift að uppáhalds eplaköku fylgja með. Uppskriftina fann ég á netinu einhvern tímann og bætti að sjálfsögðu við hana súkkulaði.

Eplakaka

3-4 græn epli
talað um rauð í uppskrift
en mér finnst betra
að nota græn
150 gr. sykur
150 gr. hveiti
150 gr. smjör
Kanill
Ca. 3 Snickers / Mars
(mér finnst gott að nota
Snickers og fá þá
hneturnar með)

Smyrjið form. Flysjið eplin og skerið í smáa bita. Því næst er kanil dreift yfir eplin eftir smekk (ég þek þau). Sykur, hveiti og smjöri „hnoðað“ saman. Myljið deigið yfir eplin og bakið við 180 gráður í 20 mín. eða þar til kakan er orðin gullin og stökk. Borin fram heit með rjóma eða ís.

Verði ykkur að góðu!

Ég skora á Svövu Björk Helgadóttur að vera næsta matgæðing. Hef grun um að hún lumi á ýmsum góðum uppskriftum ;)

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Þeir hafa mig undir hesti.
Ég heyrist tíðum hjá presti,
met gjald fyrir brot og bresti,
er boðin velkomnum gesti.

Svar við gátu í blaði 2550: HLAUP.
1. lína: Sprettur/Sprettuhlaup- 2. lína: Hlaupin mjólk
3. lína: Byssuhlaup

82%
Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun okt. – nóv. 2018

BYKO

FJÖLDI FRÁBÆRRA SUMARTILBOÐA

KVENNAHLAUP ÍSÍ SELFOSSI
Byrjar klukkan 11 hjá BYKO, skráning á tix.is

Grillaðar pylsur og ís frá 12-15

Hoppukastalar

Snickers® WORKWEAR
OPEN golfmót
Skráning á golfbox.golf - Veglegir vinningar!

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Fögnum sumrinu saman!

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Aðalsafnaðarfundur Þorláks- og Hjallasóknar

verður haldin í Þorlákskirkju fimmtudaginn 18. júní kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir árið 2020.

Sóknarnefnd Þorláks- og Hjallasóknar

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is
Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðjón Gestsson
Stekkholti 30, Selfossi

lést mánudaginn 1. júní. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 11. júní klukkan 14:00.

Rannveig J. Einarsdóttir
Rúnar Guðjónsson
Ingunn Guðjónsdóttir
Gestur Guðjónsson **Aðalbjörg Eggertsdóttir**
og barnabörn

Útilegupeysa

Uppskrift vikunnar að þessu sinni er fljótgerð krakkapeysa úr hreinni merino-ull frá Hjartagarni sem þvo má í vél. Þetta garn fæst í tveimur grófleikum í Hannyrðabúðinni í fjölda fallegra lita.

Stærðir: 2ja - 4ra - 6 ára.

Efni: 4 - 5 - 6 dk af Extrafine merino 120 frá Hjertegarn, prjónar no 3,5 - sokkaprjónar og hringprjónar 60 cm og 40 cm, 4 prjónamerki, prjónanælur.

Skammstafanir: l - lykkja, sl - slétt lykkja, br - brugðin lykkja.

Peysan er prjónuð ofan frá og niður.
Kaðlar eru á miðju framstykki og bakstykki og ná yfir 10 l.
Kaðlarnir eru prjónaðir þannig : 1 l br, 8 sl, 1 br. Í 6 hverri umferð eru prjónaðar 1 br, 2 sl teknar af prjóninum og geymdar fyrir framan, næstu 2 prj sl og svo þær tvær sem eru á hjálparprjóninum, næstu 2 l settar á hjálparprjón og geymdar fyrir aftan, næstu 2 l prjónaðar sl og loks eru þær 2 l sem geymdar voru fyrir aftan prjónaðar sl, 1 br.

Fitjið upp á prjóna no 3,5 88 - 96 - 104 l tengið í hring og prjónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 8 - 8 - 10 umferðir. Prj 1 umf sl og takið um leið saman jafnt yfir umferðina 8 l, þá eru 80 - 88 - 96 l á prjóninum. Setjið nú alls 6 prjónamerki þar sem ermar og kaðlar eiga að vera; 1 merki við upphaf umferðar, annað eftir 10 - 10 - 12 l (ermi), eftir 10 - 12 - 13 l (upphaf kaðla), eftir 20 - 22 - 23 l (næsta ermi), 10 - 10 - 12 og svo við kaðal á bakstykki eftir 10 - 12 - 13 l.
Prjónið slétt og aukið út í annarri hvorri umferð við ermarnar þegar 1 l er að prjónamerki með því að lyfta bandinu á milli lykknanna upp og snúa upp á það til vinstri og prjóna uppásláttinn sléttan, prjóna 2 l sl og taka aftur upp bandið og snúa upp á til hægri og prjóna slétt. Þegar komið er að merki fyrir kaðli er prjónað skv lýsingu hér að ofan.
Prjónið áfram þar til alls er búið að auka út 16 - 18 - 20 sinnum. Setjið þá lykkjurnar fyrir ermi, alls 42 - 46 - 52 l á prjónanælu og fitjið upp 6 - 6 - 8 l í ermagapinu og prjónið búkinn áfram í hring, nú án útaukninga þar til hann mælist frá ermagapi 20 - 23 - 25 sm. Aukið út í síðustu umferðinni á 6 l fresti um 24 l og prjónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 9 - 10 - 10 umf. Fellið laust af.
Takið ermalykkjurnar af prjónanælunni, fitjið upp 6 - 6 - 8 l í ermagapinu og prjónið áfram í hring,eftir 8 - 8 -10 umferðir eru 2 og 3 l í byrjun umferðar prjónaðar saman og 2 og 3 l fyrir síðustu l umferðar prjónaðar saman. Fækkið l á þennan hátt eftir 8 - 8 -10 umferðir þar til ermi mælist 19 - 21 - 23 sm. Aukið þá út jafnt yfir umferðina þannig að alls eru 36 - 40 - 40 l á prjóninum. Prjónið 8 - 9 -10 umf stroff, 2 sl, 2 br. Fellið laust af.
Lykkjið saman undir höndum og gangið frá endum.
Athugið að gott er að kljúfa garnið þegar gengið er frá endunum og ganga frá hverjum hluta fyrir sig, þannig ber minna á því.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

Guðrún Anna verðlaunuð fyrir handrit að stuttmynd

Guðrún Anna Jónsdóttir, 12 ára Þorlákshafnarstelpa, fékk viðurkenningu fyrir handrit að stuttmynd sem hún skrifaði á verðlaunahátíð barnanna, Sögur, sem fram fór í Borgarleikhúsinu laugardagskvöldið sl. og var sýnt í beinni útsendingu á RÚV.

Guðrún Anna sendi inn handrit í keppnina síðastliðið haust og var hennar handrit eitt af sex handritum sem valin voru til framleiðslu en stuttmyndin sem hún skrifaði heitir „Kötturinn sem talaði“.

Meðfylgjandi myndir voru teknar af Guðrúnu Önnu í Borgarleikhúsinu og fékk hún að sjálfsögðu eina mynd af sér með forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni. Stuttmyndin er aðgengileg inn á vef KrakkaRÚV.

Hótel Rangá gefur hlífðargalla fyrir þjórfé

Hótel Rangá tók upp þá reglu fyrir nokkrum árum að þiggja ekki þjórfé. Þrátt fyrir það eru margir af erlendum gestum vanir að greiða þjórfé. Í stað þess að taka við því býður hótelið gestunum að styrkja sjóð sem rennur til björgunarsveitanna á svæðinu. Nýlega var svo haft samband við björgunarsveitirnar á Hellu og Hvolsvelli. Þar var lagt til að styrkurinn yrði notaður til kaupa á nýjum hlífðargöllum. Gallarnir voru afhentir á bökkum Rangár þar sem Friðrik, eigandi hótelsins gekk úr skugga um að þeir væru vatnsheldir og stakk sér í ána til að prófa. *-gpp*

13. JÚNÍ

HLAUPUM SAMAN

13. JÚNÍ

Martha Ernstdóttir klæðist bol í stærð XS

Donna Cruz klæðist bol í stærð S

Silja Úlfarsdóttir klæðist bol í stærð M

Elín Metta Jensen klæðist bol í stærð XS

Andrea Jónsdóttir klæðist bol í stærð XL

Hallveig Jónsdóttir klæðist bol í stærð XS

Emma og Írena klæðast bolum í stærð XS, Arney í 11-12 ára, Viktoría í 4-6 ára

Eliza Reid klæðist bol í stærð M

Margrét Erla Maack klæðist bol í stærð xxL

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ | 2020

tix.is SJÓVÁ

Tíðarandi

-Samtímaverk úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar

Laugardaginn 13. júní klukkan 15:00 opnar sýningin Tíðarandi - samtímaverk úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar í Listasafni Árnesinga. Sýningin samanstendur af fjölbreyttum verkum úr safni læknisins og listaverkasafnarans Skúla Gunnlaugssonar og eiga verkin það sameiginlegt að vera unnin á síðastliðnum áratug. Listamennirnir á sýningunni tilheyra yngri kynslóð listamanna og hafa verið áberandi í íslensku myndlistarlífi undanfarin ár. Samband listamanns við menningu og anda síns tíma er útgangspunktur sýningarinnar Tíðarandi og skoðað verður hvernig lesa má þjóðfélagslegar hræringar í gegnum listir.

Sýningin Tíðarandi kallast á við sýninguna Gjöfin til íslenzkrar alþýðu – stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ sem sett var upp í Listasafni Árnesinga fyrir nákvæmlega einu ári. Sýningarnar eiga það sameiginlegt að miðla verkum úr safni einkasafnara sem tilheyra sitthvorri kynslóðinni og má segja að verkin á sýningunum varpi ljósi á tíðaranda tveggja tíma.

Þórdís Aðalsteinsdóttir. „tvær konur á nóvembermorgni, engin skjaldbaka. Ljósmynd Sigfús Már Pétursson.

Listaverkasafnararnir Ragnar og Skúli eiga báðir ættir sínar að rekja til Árnessýslu og hafa átt stóran þátt í því að kynna og kenna þjóðinni að meta íslenska myndlist.

Østerby Hár

Við viljum benda viðskiptavinum okkar á breyttan opnunartíma í sumar.

1. júní - 31. ágúst

Mán. - fös. kl. 8-17

Austurvegur 35, Selfossi - Sími 482 1455

Nú andar suðrið

— þýðingar og ljúfir tónar

Bókakaffið
Selfossi

14. júní kl. 14.00 og 15.00

- ÁRNI ÓSKARSSON les úr *Örvæntingu* eftir V. Nabokov
- HALLDÓRA THORODDSEN les úr bók sinni *Tvöfalt gler*
- HALLGRÍMUR HELGASON les úr *Óþello* eftir W. Shakespeare
- HELGA SOFFÍA EINARSDÓTTIR les úr *Glæp við fæðingu* eftir T. Noah
- PAMELA DE SENSI leikur ljúfa tóna á flautu

Dagskráin er um 30 mín. og er flutt tvisvar sinnum.

Aðgangur ókeypis. Mætið tímanlega til að tryggja ykkur sæti.

Fyrsta skóflustunga að nýrri gestastofu við Kirkjubæjarklaustur.

Fyrsta skóflustungan að gestastofu við Kirkjubæjarklaustur

Það var mikil hátíð í Skaftárhreppi sunnudaginn 7. júní 2020 þegar tekin var fyrsta skóflustungan að byggingu gestastofu á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Gestastofan verður á Sönghól sem er í landi Hæðargarðs í Landbroti. Magnús Þorfinnsson gaf lóð og tók fyrstu skóflustunguna ásamt Ástu Berghildi Ólafsdóttur, formanni svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra og Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra Skaftárhrepps. Magnús hefur alltaf verið mjög áhugasamur um framkvæmdir og fagnaði því mjög að loks er komið að því að byggja.

Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður bauð alla velkomna. Zbiegniew Zuchowicz og Bríet Sunna Bjarkadóttir fluttu tvö lög.

Sönghóllinn

Saga Sönghóls er sú að þar hafi munkarnir frá Þykkvabæjarklaustri sungið þegar þeir komu að heimsækja nunnurnar í klaustrið á Kirkjubæ. Nunnurnar fóru upp í Sönghelli og sungu þar fyrir munkana. Þegar þeir sáust hlupu þær niður hlíðina og yfir mýrina þar sem nú er Kirkjubæjarskóli og hétu þar Glennarar. Eins og vera ber með örnefni telja sumir að Sönghóll sé sunnar í Landbrotinu, þar sem fyrst hafi sést til munkanna. Er þessi nafngift því skemmtilegt þrætuepli í sveitinni.

Brú yfir Skaftá

Það er skemmtilegt frá því að segja að listamaðurinn Kjarval taldi að náttúrufegurðin á Kirkjubæjarklaustri nyti sín best frá þeim sjónarhóli þar sem gestastofan rís. Kjarval rissaði upp mynd af brú yfir Skaftá sem átti að byggja til að fólk gæti gengið yfir í Landbrotið og notið þess að horfa yfir á Systrastapa, Systrafoss, Síðuna, Kaldbak og Öræfajökul. Þessi mynd var lengi í vinnuaðstöðu Jóns Björnssonar í sláturhúsinu á Klaustri og muna margir af eldri kynslóðinni eftir að hafa séð myndina. Myndin er þó horfin og stendur yfir umfangsmikil leit að henni. Hugmyndin er góð og er ætlunin að byggja göngubrú yfir ána og tengja þannig gestastofuna við þéttbýlið á Klaustri og þær gönguleiðir sem þar eru.

Þjóðgarðsverðir og gestastofur

Þjóðgarðsverðir á vestursvæði hafa verið fjórir, Ketill Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Orri Páll Jóhannsson og starfandi þjóðgarðsvörður sem er Fanney Ásgeirsdóttir frá Ljótarstöðum í Skaftártungu. Þjóðgarðurinn rekur nú fimm gestastofur. Þær eru: Gljúfrastofa í Ásbyrgi, Snæfellsstofa á Skriðuklaustri, Gamlabúð á Höfn í Hornafirði, Skaftafellsstofa í Skaftafelli og Skaftárstofa á Kirkjubæjarklaustri, sem rekin er í húsnæði Skaftárhrepps og í samvinnu við hann, þangað til nýja gestastofan rís.

Vestursvæðið er mikil víðátta á hálendinu

Á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs eru einstök náttúrufyrirbæri eins og Lakagígar, Eldgjá og Langisjór. Þar eru líka Nýidalur og Tungnaröræfin þar sem eru margar eldstöðvar. Síðast en ekki síst er Vonarskarð sem er einstakt háhitasvæði og vatnaskilin milli norðurs og suðurs. Mjög gott samstarf hefur verið milli heimamanna og þjóðgarðs á þessu svæði. Þjóðgarðurinn nær yfir það svæði sem er afréttur bænda og ganga þar saman ferðamenn, kindur og landverðir allt sumarið.

Texti og ljósmyndir: Lilja Magnúsdóttir, kynningarfulltrúi Skaftárhrepps.

Góð hugmynd sem varð að veruleika

Gunnsteinn R. Ómarsson

fyrrverandi bæjarstjóri Ölfuss

Sannkallað gæfuspor var stigið þegar Hjörtur Jónsson var ráðinn hafnarstjóri Þorlákshafnar en hann hóf störf í ársbyrjun 2014. Hjörtur er víðsýnn og metnaðarfullur maður og undir hans stjórn hefur höfnin umbreyst eins og rekstrartölur sýna og sanna. Þau eru ekki mörg verkefnin sem hafa haft jafn afgerandi jákvæð samfélagsleg áhrif og endurbæturnar á höfninni sem byrjað var að tala fyrir samkvæmt hugmynd Hjartar vorið 2014. Þessi jákvæðu áhrif ná langt út fyrir nærsvæði Þorlákshafnar. Það að fá slíka hugmynd gerir hana ekki að veruleika en til að svo verði verður hún að vera raunsæ, verulega vel útfærð með sterkri framtíðarsýn og haldið frá kastljósi fjölmiðla. Allur undirbúningur þessarar hugmyndar var með þeim hætti og vel var haldið utan um framkvæmdina. Skipulega var unnið að öflun verkefna allt frá byrjun sem skilaði t.a.m. samningi við Smyril Line sem ekki byggði á neinum tilviljunum og óhætt er að segja að breytt hafi ásýnd Þorlákshafnar.

Sögunni allri er hægt að fletta upp í ítarlegum greinargerðum með fjárhagsáætlunum á síðasta kjörtímabili á vefsíðu Ölfuss, olfus.is. Það er gaman að sjá að Þorlákshöfn vex og dafnar í takti viið áætlanir sem þá voru gerðar og að framtíðarsýnin er að teiknast upp eins og við sáum hana fyrir 6 árum. Eftirfarandi er tekið úr greinargerðinni sem skrifuð var haustið 2015: „Með framangreindum framkvæmdum, er áætlað að stærri skip geti athafnað sig innan hafnar sem opnar á möguleika á að fá inn stærri fragtskip en nú, skemmtiferðaskip sem alls ekki koma í dag og einnig stórar vöru- og fólksferjur. Auk þess sem þjónustugetan við núverandi viðskiptavini myndi aukast verulega strax.“ Framtíðarsýnin hefði vart getað verið betur sett á blað í ljósi sögunnar. Sérfræðingarnir sem komu að gerð þessara greinargerða eða öllu heldur stefnumörkun og nefna má auðlindastefnu, voru starfsfólk sveitarfélagsins í samstarfi við kjörna fulltrúa. Þegar slík samvinna og virðing er viðhöfð verða til samfélagsleg verðmæti.

Það er áhugavert að fara yfir nokkrar tölulegar staðreyndir og samanburð úr ársreikningum. Árið 2010 var Þorlákshöfn 11. stærsta höfn landsins í tekjum talið, 2016 var hún í 10. sæti og 2018 var hún í 8. sæti. Tekjur Þorlákshafnar hafa vaxið hlutfallslega meira frá árinu 2016 en tekjur þeirra hafna sem fyrir ofan eru á listanum. Samanburður vegna 2019 liggur ekki fyrir en ljóst er að Þorlákshöfn heldur áfram að vaxa og ekki er útlit fyrir annað næstu árin. Þetta gerist þrátt fyrir efnahagsleg áföll og fordæmalausa tíma sem sýnir hversu verðmæt þessi hugmynd er sem lögð var á borð í Ráðhúsi Ölfuss í byrjun árs 2014. Eftirfarandi mynd segir meira en mörg orð.

JÚDÓNÁMSKEIÐ UMF. SELFOSS

UMF SELFOSS 1936

Júdódeild Umf Selfoss bíður uppá fjölbreytt námskeið þar sem blandað er saman skemmtilegum leikjum, styrktaræfingum í bland við grunnjúdókennslu. Júdó eykur þol, fimi, styrk og eflir sjálfstraust.

Hentar bæði byrjendum og þeim sem hafa verið í júdó áður. Jafnt fyrir stráka og stelpur.

Þjálfari Einar Ottó Antonsson íþróttafræðingur og 1. kyu

16. júní - 3. júlí 2020

Kennt verður i júdósalnum á móti sundlauginni mánudaga til fimmtudaga 4 sinnum í viku, samtals 12 skipti.

Verð 8000 kr. - Skráning á judoselfoss@gmail.com eða í síma 862 2201.

Tímasetningar:

Börn fædd 2013-2014
Kl. 8:00 – 9:00

Börn fædd 2010-2012
Kl. 9:15 – 10:15

Börn fædd 2007-2009
Kl. 10:30 – 11:30

SENDUM UM LAND ALLT!

Pantanir í síma **515 1100**
og **pontun@olis.is**

olís | REKSTRARLAND

Rekstrarland | Arnberg | 800 Selfoss | **480 1306** | rekstrarland.is

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Selfyssingar fögnuðu vel í leikslok ásamt stuðningsmönnum sínum. Ljósmyndir: Sunnlenska.is/GK

Fyrirliðinn Anna María tryggði Selfyssingum sigur með stórglæsilegu marki og tók við bikarnum.

Selfoss meistari meistaranna

KNATTSPYRNA Bikarmeistarar Selfoss sigruðu Íslandsmeistara Vals 1-2 í Meistarakeppni KSÍ á laugardaginn.

Valskonur voru mun sterkari í fyrri hálfleik og komust yfir á 37. mínútu. Valsliðið fékk nokkur góð færi til viðbótar í fyrri hálfleik en Selfyssingar ógnuðu lítið.

Selfyssingum gekk mun betur að halda stjórn á boltanum í seinni hálfleik og uppskáru jöfnunarmark strax á 52. mínútu. Tiffany McCarty sneri þá á tvo varnarmenn Vals og lagði boltann glæsilega í netið.

Leikurinn róaðist nokkuð eftir þetta en sigurmarkið leit dagsins ljós á 80. mínútu þegar fyrirliðinn Anna María Friðgeirsdóttir lét vaða af 30 metra færi yfir og boltinn söng í netinu.

Vildum stimpla okkur svona inn í sumarið

„Við vildum klárlega stimpla okkur svona inn í sumarið og sýna að okkur er alvara. Það eru þrír bikarar í boði í sumar og við ætlum að taka þá alla," sagði Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss í viðtali við Sunnlenska.is eftir leik.

Uppskeruhátíð fimleikadeildar

FIMLEIKAR Fimmtudaginn 4. júní veitti fimleikadeild Selfoss viðurkenningar fyrir síðasta tímabil. Veitt voru sjö einstaklingsverðlaun auk viðurkenningar fyrir lið ársins.

Á myndum með fréttinni eru upplýsingar um verðlaunahafa. Við óskum verðlaunahöfum innilega til hamingju.

Deildin er fjölmenn og ríkir ávallt mikil gleði og gaman í æfingasalnum í Baulu. Síðasta vika var sérlega lífleg og skemmtileg þegar fimleikadeildin var með vinaviku en þá máttu allir iðkendur deildarinnar bjóða vini/vinkonu með sér á æfingu. Tókst það einstaklega vel.

Sumaræfingar og sumarnámskeið hófust á mánudaginn og er hægt að skrá sig til leiks í gegnum Nóra á slóðinni selfoss.felog.is. *-sóh*

Lið ársins: KK eldri. Fimleikakona ársins: Auður Helga Halldórsdóttir. Fimleikamaður ársins: Bjarni Már Stefánsson. Framfarir og ástundun KVK: Ása Kristín Jónsdóttir. Framfarir og ástundun KK: Daníel Már Stefánsson. Efnilegasti unglingurinn KVK: Karolína Helga Jóhannsdóttir. Efnilegasti unglingurinn KK: Ævar Kári Eyþórsson. Félagi ársins: Sigurbjörg Hróbjartsdóttir.

Arna Kristín aftur heim

HANDBOLTI Arna Kristín Einarsdóttir hefur samið við handknattleiksdeild Selfoss. Arna Kristín, sem er 24 ára hornamaður, er Selfyssingum að góðu kunn, en hún lék með meistaraflokki Selfoss á árunum 2016-2018. Hún er uppalin hjá ÍR en spilaði með KA/Þór frá 10 ára aldri. Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með að fá Örnu aftur heim, en hún mun verða meistaraflokki kvenna góður liðsstyrkur fyrir næsta vetur. *-esó*

HANDBOLTI Fjórir piltar fæddir árið 2007 voru valdir í Hæfileikamótun HSÍ á dögunum. Þeir Ágúst Sigurðsson, Jón Valgeir Guðmundsson, Hilmar Ásgeirsson og Hákon Garri Gestsson stóðu sig með mikilli prýði á æfingunum. Hæfileikamótun HSÍ er fyrsta skrefið af unglingalandsliðum Íslands. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Góður árangur hjá stelpunum

JÚDÓ Stúlknamót Íslands í júdó var haldið í Njarðvík fimmtudaginn 4. júní. Fjölmargir keppendur tóku þátt og átti Selfoss tvo keppendur á mótinu. Mia Klith Einarsdóttir keppti í -28 kg flokki og náði í bronsverðlaun. Amelía Ósk Tryggvadóttir vann til gullverðlauna í -24 kg flokki, keppti svo einnig í -28 kg flokki og vann silfurverðlaun og hlaut brons í -32 kg flokki. *-eoa*

Mia Klith og Amelía Ósk að loknu góðu móti í Njarðvík. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Bláskógaskokk HSK á laugardag

ÚTIHLAUP Bláskógaskokk HSK verður haldið laugardag og hefst kl. 11:00. Hægt er að skrá sig á hlaup.is. Forskráningu á hlaup.is lýkur fimmtudaginn 11. júní kl. 12:00. Eins er skráð við sundlaugina á Laugarvatni frá kl. 9 til 10:15 á hlaupadag.

Vakin er athygli á að hámarksfjöldi keppenda verður 200 manns vegna COVID-19. Ef fólk ætlar að tryggja sér far í rútuna þarf að forskrá sig fyrir hádegi 11. júní.

Keppendur þurfa að mæta við sundlaugina á Laugarvatni þar sem þeir staðfesta skráningu og fá afhent keppnisnúmer frá kl. 9:00 á keppnisdag. Hlaupurum sem fara með rútu verður ekið frá Laugarvatni að rásmarki við Gjábakka (10 mílur) og á Laugardalsvöllum (5 mílur) kl. 10:15.

Hlauparar fá frítt í sund að hlaupi loknu gegn framvísun hlaupanúmers. Vakin er athygli á að fjöldatakmarkanir eru enn í sund á þessum tíma.

Hlaupið verður frá Gjábakka, austan Þingvallavatns eftir gamla Gjábakkavegi til Laugarvatns. Hlaupaleiðina má sjá á www.hlaup.is.

Vegalengdir eru 10 mílur (16,09 km) og 5 mílur (8,05 km) með tímatöku. Tímataka er með flögum.

Nánari upplýsingar á www.hlaup.is eða hjá Ingvari Garðarssyni í síma 482 2730 og 698 5730.

Líf og fjör á sumarmótum Selfoss

HANDBOLTI Það var líf og fjör á Selfossi fyrstu helgina í júní þegar Bónusmótið í 7. flokki og Landsbankamótið í 8. flokki fór fram. Á mótinu kepptu strákar og stelpur í 7. og 8. flokki í handbolta.

Mikið var um flott tilþrif og takta en engin dómgæsla er á mótunum og ekki haldið utan um sigra eða stig. Því var leikgleðin í fyrirrúmi eins og myndirnar sýna.

Myndir tók Árni Þór Grétarsson fyrir Umf. Selfoss.

Guðmundur Karl Sigurdórsson

Guðbjörg Hulda Albertsdóttir

Guðjón Bjarni Hálfdánarson

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Anægðari viðskiptavinir

Við tökum vel á móti þér
í útibúinu okkar á Selfossi.

s. 440-2470 | sudurland@sjova.is

Framlagning kjörskrár

Kjörskrá fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna forsetakosninga sem munu fara fram 27. júní 2020 liggur frammi, almenningi til sýnis á opnunartíma skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi frá og með 16. júní nk. til og með 26. júní.

Á upplýsingavef Innanríkisráðuneytisins www.kosning.is má finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna.

Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Kjörskrá

fyrir Sveitarfélagið Árborg vegna forsetakosninga 27. júní 2020 liggur frammi í þjónustuveri Ráðhúss Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, mánudaga - föstudaga kl. 9:00 – 16:00. frá og með 16. júní 2020 til kjördags.

Sveitarfélagið Árborg

Landsnet óskar eftir tilboðum í jarðvinnu, byggingu og fullnaðarfrágang á byggingu tengivirkishúss og spennagryfju nálægt Suðurlandsvegi skammt austan Þjórsárbrúar.

Opnun tilboða verður **þriðjudaginn 7. júlí 2020 kl. 11.00** hjá Landsneti að Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar er finna á www.utbodsvefur.is

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík
Sími 563 9300 | www.landsnet.is

Mjög mikill samdráttur umferðar í maí á Hringveginum

Umferðin á Hringveginum í maí dróst saman um ríflega 10 prósent á landsvísu sem er gríðarlegur samdráttur. Á Suðurlandi er um 18,2% samdráttur í maí. Enn meiri samdráttur er frá áramótum en umferðin fyrstu fimm mánuði ársins er 15,5 prósentum minni en í sömu mánuðum í fyrra og hefur aldrei áður mælst jafn mikill samdráttur á þessum árstíma. Á Suðurlandi er það 22,3% samdráttur frá áramótum. Samdrátturinn er mestur á Austurlandi, 39,8%, og á ýmsum ferðamannaleiðum en á Mýrdalssandi dróst umferðin saman um nærri 70 prósent í maí.

Milli mánaða 2019 og 2020

Umferðin, yfir 16 lykilteljara á Hringvegi, dróst saman um 10,3% í maí sl. miðað við sama mánuð á síðasta ári. Leita þarf aftur til ársins 2016 til að finna minni umferð í maí.

Umferðin dregst saman á öllum landssvæðum en mest á Austurlandi eða um tæp 40% en minnst á talningastöðum á og í grennd við höfuðborgarsvæðið eða um 3%.

Af einstaka stöðum er mestur samdráttur á Mýrdalssandi eða tæplega 69% en minnstur um mælisnið á Hringvegi við Úlfarsfell eða 2%. *-gpp*

Litla kaffistofan 60 ára í síðustu viku

Litla kaffistofan við Suðurlandsveg varð sextug í síðustu viku en hún var stofnuð 4. júní árið 1960. Litla kaffistofan er í eigu Olís. Litla kaffistofan hefur markað spor í þjóðarsálina og margir ferðalangar eða atvinnubílstjórar koma þar við og þiggja veitingar, nú eða leita skjóls í vondum veðrum. Afmælisveislunni sjálfri verður skotið á frest, en til stendur að halda veislu sem nánar verður auglýst síðar. Þegar við spurðum hvað var í „afmælismatinn“ svaraði afgreiðslumaðurinn: „Nú, hér var lambaprime, baunir, rauðkál og piparsósa.“ Þá er líklegt að einhver hafi fengið sér pönnuköku með rjóma og sultu í desert. Dagskráin óskar Litlu kaffistofunni til hamingju með sextíu árin.

Sýning á verkum Jónu Berg Andrésdóttur í Bókasafninu í Hveragerði

Opnuð hefur verið sýning á verkum Jónu Berg Andrésdóttur á Bókasafninu í Hveragerði. Jóna fæddist í Reykjavík og ólst upp við það að bækur og myndlist væru sjálfsagður hluti af lífinu enda málaði faðir hennar og vatnslitaði þegar minnsta tóm gafst til frá vinnusamri tilveru. Á sumrin var hún hjá ömmu sinni í Vestmannaeyjum, í einu húsanna á Kirkjubæ, sem fóru fyrst undir hraun í Heimaeyjargosinu 1973.

Jóna flutti til Eyja eftir að hafa lokið námi í Verzlunarskóla Íslands. Hún fór að sinna postulínsmálun 1975 og sótti nokkur námskeið sem voru haldin í Eyjum. Blýantur og litur hafa líka alltaf verið innan seilingar frá því hún var barn. Hún fór sjö ára á myndlistarnámskeið í Handíða- og myndlistarskóla Reykjavíkur og fjórtán ára á teiknínámskeið í sama skóla þar sem teiknað var eftir styttum, lifandi módelum og fleiri fyrirmyndum.

Eftir að Jóna flutti frá Eyjum 2001 hefur hún sótt nokkur námskeið í olíumálun, meðal annars í MÍMI hjá Hörpu Björnsdóttur listakonu og vatnslitanámskeið hjá Derek Mundell í Myndlistarskóla Kópavogs 2016 og 2017. Jóna er nýr félagi í Myndlistarfélagi Árnessýslu.

Jóna sækir hugmyndir sínar í land og náttúru sem hún þekkir vel eftir búsetu í Eyjum og margar ferðir um landið en uppsprettan kemur líka úr dýraríkinu og mannlífinu, ekki síst úr hennar nánasta ranni.

Um er að ræða fyrstu sýningu Jónu og mun hún standa út júní og er opin á sama tíma og bókasafnið; mánudaga kl. 11-18:30, þriðjudaga-föstudaga kl. 13-18:30 og laugardaga kl. 11-14.

Mongús á reynslulausn og heitir betrun

Bíræfinn köttur hefur loks verið handsamaður, færður í betrunarvist og er nú reiðubúinn til að samlagast samfélagi manna í Hveragerði á ný. Þar í bæ hefur nefnilega fullorðinn köttur, bíræfinn og hvass, verið bæjarbúum til mikils ama með flakki sínu og óspektum. Eftir hrakfarir og eltingarleiki, hvar kattalögreglan greip ávallt í tómt, var kisi loks handsamaður. Tekinn til betrunarvistar af götum bæjarins. Þrifinn, greiddur og að endingu geldur. Kötturinn hefur nú lagst fram á loppurnar og lofar yfirbót í einu og öllu með þá ósk heitasta um að Hvergerðingar gefi sér annað tækifæri. Hver myndi ekki gera það eftir slíkar trakteringar?

Kattalögreglan hafði loks hendur í hári kattarins

Sagan er sú að kötturinn Mongús var búinn að vera á vergangi í mörg ár eftir að eigandi hans féll frá. Lífsbarátta kattarins hefur verið hörð og hann lengi bjargað sér sjálfur um mat og skjól. Til þess hefur hann víða leitað fanga eins og alvöru flökkuketti sæmir. Hvergerðingar sumir hverjir sáu á honum aumur og gaukuðu að honum matarbita. Stjórnsemi og yfirgangur kattarins var þó farin að reyna á þolrif flestra í sveitarfélaginu ef marka má sögur af gjálífi kattarins. Kattalögregla bæjarins hjá Villiköttum var lengi búin að reyna að hafa hendur í hári bófans með það að markmiði að veita honum aðstoð. Það hafðist að lokum að sitja fyrir honum, taka hann fastan og senda til betrunarvistar hjá góðu fólki.

Illa farinn á sál og líkama, en tvíefldur til baka

Þegar kötturinn var handsamaður, var hann rifinn og tættur, með tannpínu og sýkingu í munni. Að þessu öllu hlúðu kattavinirnir hjá Villiköttum í mánaðartíma. Feldurinn kembdur oft á dag. Við þetta tók kisi að braggast og fékk matarlystina aftur. Hringaðist um fætur velgjörðarmanna sinna og malaði eins og gömul dráttarvél, sæll og glaður. Kötturinn kom tvíefldur til baka, enda átti hann lífin níu öll eftir. Fólkið sem hafði gaukað að honum bita hefur nú tekið hann að sér og hyggst bjóða honum til varanlegrar búsetu í ellinni. Kötturinn, velunnarar og fjölskyldumeðlimir vilja nú láta á það reyna hvort ekki gangi upp að Mongús verði fyrirmyndarborgari, sjálfum sér og öðrum til sóma.

Á reynslulausn með von um blíðar móttökur íbúa

Já, ekki stendur á kettinum að leggja sitt af mörkum. Hvergerðingar þurfa nú að grafa það liðna og gefa kisa séns. Bjóða stroku við húshornið eða harðfiskbita ef vel stendur á. Kattalögreglan mun fylgjast náið með Mongúsi á reynslulausninni, honum sjálfum til aðhalds og trausts. Gangi mál ekki eftir eins og allir binda vonir við munu Villikettir taka við honum aftur til frambúðar. -gpp

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun okt.-nóv. 2018.

Kjörskrá

Kjörskrá fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna forsetakosninga 27. júní 2020, liggur frammi á skrifstofu Hrunamannahrepps frá 16. júní til kjördags á opnunartíma skrifstofunnar, kl. 9:00 - 12 og 13:00 - 16:00, föstudaga frá kl. 9:00-12:00.

Kjörfundur

Kjörfundur fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna forsetakosninga 27. júní 2020 verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna þann 27. júní 2020 frá kl. 10:00 – 22:00.

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps

Aðstoðarskólastjóri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra frá og með 1. ágúst 2020

Sveitarfélagið ÁRBORG

Í skólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk og kennt er í tveimur starfsstöðvum. Önnur er á Stokkseyri fyrir nemendur 1. – 6. bekk og hin er á Eyrarbakka fyrir nemendur í 7.–10. bekk. Skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólana og áhersla er lögð á góða samvinnu við heimilin. Nánari upplýsingar um skólann má finna á vef skólans, barnaskólinn.is og á vef sveitarfélagsins, arborg.is

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfni og hefur mikla reynslu og þekkingu á grunnskólastarfi. Starfshlutfall 100% og ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020.

Menntun og færnikröfur:

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er mikill kostur
- Forystu- og stjórnunarhæfileikar
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Vakin er athygli á stefnu sveitarfélagsins um jafnt hlutfall kynjanna í störfum hjá Árborg og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/Skólastjórafélags Íslands.

Meginverkefni:

- Staðgengill skólastjóra
- Vinnur ásamt samstarfsfólki að framþróun í skólastarfi og stefnumótun
- Vinnur ásamt skólastjóra að daglegri stjórnun skólans og skipulagningu skólastarfsins

Nánari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri, símar 480 3203 og 822 9987. Netfang: pall@barnaskolinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2020.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari, framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið, skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins, starf.arborg.is

TÍÐARANDI 13.06 | 06.09 | 2020
ZEITGEIST



SAMTÍMAVERK ÚR EINKASAFNI SKÚLA GUNNLAUGSSONAR

Verið velkomin í safnið sem opnar að nýju 13. júní. Eins og alltaf er aðgangur ókeypis og opið alla daga frá kl.12-18. Hlökkum til að sjá ykkur!

LISTASAFN ÁRNESINGA | Listasafn Árnesinga | Austurmörk 21
Sími 483 1727 | 810 Hveragerði
www. listasafnarnesinga.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÝMISLEGT

Ertu spænskumælandi?
Óska eftir að koma frekar stuttum en mjög mikilvægum skilaboðum til Spánar. Greiði 40.000 kr. Uppl. 483 3568.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

JÁRN & HÓFAR
Járningaþjónusta Caroline 8942457
Get bæt við mig járningum. Útskrifuð úr járninganámi í Svíþjóð.
Hef mikla reynslu af járningum og þar á meðal keppnis- og kynbota-hrossa.
Sími 894 2457.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Guðsþjónusta í Selfosskirkju 14. júní kl. 11. Verið hjartanlega velkomin til góðrar stundar í Selfosskirkju nk. sunnudag. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Kirkjukór Selfosskirkju syngur við undirleik Edit Molnár organista.

Stóra-Núpskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 14. júní kl. 11. Kórfélagar leiða almennan söng. Organisti er Þorbjörg Jóhannsdóttir. Allir velkomnir. Sóknarprestur.

Hrunakirkja
Helgistund sunnudaginn 14. júní kl. 20. Sálmasöngur, orð, bæn og blessun. Umsjón með stundinni hafa Óskar prestur og Stefán organisti. Allir velkomnir.

Aðventistar
Laugardaginn 13. júní 2020 verður lokað í safnaðarheimili aðventista á Eyravegi 67. Öllum er boðið til tónlistarsamkomu í Aðventkirkjunni í Reykjavík, Ingólfsstræti 19. Allar varúðarráðstafanir verða að sjálfsögðu viðhafðar. Velkomin.

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

ATVINNA

Atvinna
Er að leita mér að atvinnu á Suðurlandi. Hef starfað við framkvæmdastjórn, innkaupastjórn, rekstrarstjórn o.fl. Vinsamlegast sendið tölvupóst á „atvinna.sudurland@gmail.com“ og ég mun senda umbeðnar upplýsingar.

TIL SÖLU

Hesthús til sölu
9 hesta hesthús til sölu í Norðurtröð á Selfossi. Húsið er búið að taka mikið í gegn og er með nýlegum steyptum innréttingum. Uppl. í síma 698 8123 eða 866 1230.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

Frá vinstri: Róbert Lagerman skákstóri mótsins, Helgi Áss Grétarsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Ingimundur Sigurmundsson formaður SSON. Garðyrkjustöðin Espiflöt gaf blómvendina.

Helgi Áss og Hótel Selfoss sigruðu í firmakeppni SSON

Firmakeppni Skákfélags Selfoss og nágrennis (SSON) fór fram á Hótel Selfossi sunnudaginn 7. júní sl. Alls tóku 34 skákmenn þátt í mótinu og tefldi hver þeirra fyrir hönd eins af þeim fyrirtækjum sem styrktu félagið í tengslum við mótið. Á meðal þátttakenda voru þrír stórmeistarar, þrír alþjóðlegir meistarar og einn FIDE-meistari. Keppendur voru á ýmsum aldri, sá yngsti fæddur 2013 og sá elsti 1944. Tefldar voru 9 umferðir og var umhugsunartíminn 4 mínútur auk 2 sekúndna til viðbótar fyrir hvern leik.

Mótið var æsispennandi og réðust úrslit ekki fyrr en í lokaumferðinni. Svo fór að stórmeistarinn Helgi Áss Grétarsson hafði sigur með 7,5 vinninga. Hann tefldi fyrir hönd Hótel Selfoss. Jafnir honum að vinningum urðu stórmeistarinn Hannes Hlífar Stefánsson, sem tefldi fyrir SG húseiningar, og alþjóðlegi meistarinn Arnar Gunnarsson, sem tefldi fyrir Ísey skyr. Fjórði, með 6,5 vinninga, varð FIDE-meistarinn Vignir Vatnar Stefánsson sem tefldi fyrir Heimilistæki.

Ein athyglisverðustu úrslit mótsins urðu í lokaumferðinni þegar heimamaðurinn Úlfhéðinn Sigurmundsson, sem tefldi fyrir Hótel Selfoss, lagði Vigni Vatnar að velli. Með því tryggði Úlfhéðinn sér 7. sætið á mótinu, með 6 vinninga, og gerði um leið út um möguleika Vignis á að sigra á mótinu. Jafnir Úlfhéðni að vinningum en hærri að stigum urðu stórmeistarinn Bragi Þorfinnsson, sem tefldi fyrir Brim hf., og Gauti Páll Jónsson, sem tefldi fyrir VÍS. Bragi hafnaði í 5. sæti og Gauti Páll í því 6. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, sem tefldi fyrir Kjörís, varð efst kvenna á mótinu með 5 vinninga. Frekari umfjöllun um mótið er að finna á vefsíðu SSON, www.sson.is. SSON vill þakka öllum þeim sem studdu félagið í tengslum við mótið.

Starfsmenn heiðraðir

Tveir starfmenn voru heiðraðir við starfslok á brautskráningu vorannar Fjölbrautarskóla Suðurlands. Það eru þeir Arnlaugur Bergsson og Þórarinn Ingólfsson. Formaður Hollvarðasamtakanna og fyrrum skólameistari, Örlygur Karlsson flutti þeim kveðju við brautskráningu. Arnlaugur og Þórarinn eða Addi og Tóti eins og þeir eru oftast kallaðir eru svokallaðir brautryðjendur við skólann. Þeir komu til starfa við FSu þegar hann var stofnaður haustið 1981. Arnlaugur kenndi málmiðnaðargreinar við skólann í gamla Hamri á árunum 1981-1993 og sneri svo aftur til starfa sem umsjónarmaður fasteigna árið 2003. Hann hefur því starfað við skólann í tæp 29 ár. Þórarinn hóf kennslu við FSU 1981 og kenndi íþróttir. Hann hefur verið aðstoðarskólameistari frá árinu 2002 .Hann hefur starfaði við skólann í 39 ár.

Þeirra störf fyrir skólann eru ómetanleg og fást seint fullþakkað.

Mynd af Sigurði Inga ekki lengur í kvikmynd um Panamaskjölin

Fyrirtækið að baki kvikmyndinni Laudromat hefur fjarlægt mynd af Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fyrrverandi forsætisráðherra, úr myndinni. Sigurður Ingi skýrði frá myndbirtingunni sl. haust en myndin var af honum undir yfirskriftinni „Iceland‘s Prime Minister has stepped down after being named in the papers og vísar til Panama skjalanna svokölluðu og fjallar um afsögn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Sigurður greinir svo frá því á Facebook síðu sinni að hann hafi notið liðsinnis lögmanns til að ganga í málið. Að svo búnu tók kvikmyndaframleiðslufyrirtækið Netflix, atriðið úr myndinni og setti annað í staðinn sem samræmdist betur raunveruleikanum í málinu. Þá tekur Sigurður Ingi fram að margir hefðu hvatt hann til að fara fram á leiðiréttingu og hann þakkar stuðninginn því rétt skuli vera rétt. *-gpp*

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 27. júní 2020

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fyrir forsetakosningar 27. júní 2020.

Einungis ætluð þeim sem dvelja á viðkomandi stofnunum.

Selfoss og nágrenni:
Fangelsið Sogni, Ölfusi föstudaginn 19. júní kl. 13:00 – 14:00.
Sólheimar í Grímsnesi miðvikudaginn 24. júní kl. 13:00 – 14:00.
Þjónustumiðstöð aldraðra
Grænumörk 5, Selfossi fimmtudaginn 25. júní kl. 10:00 – 11:00.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Selfossi, sjúkra- og hjúkrunardeildir föstudaginn 26. júní 10:00-12:00.

Eyrarbakki:
Dvalarheimilið Sólvellir, Eyrarbakka þriðjudaginn 16. júní kl. 10:30 – 11:30.
Fangelsið Litla Hrauni, Eyrarbakka fimmtudaginn 18. júní kl. 09:30 – 10:30.

Hveragerði:
Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hverahlíð 20 þriðjudaginn 23. júní kl. 09:30 – 11:30.
Heilsustofnun NLFÍ mánudaginn 22. júní kl. 13:00-14:00.

Hella:
Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili þriðjudaginn 23. júní kl. 13:00-14:00.

Hvolsvöllur:
Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili þriðjudaginn 23. júní kl. 10.00-11:00.

Vík:
Hjallatún, dvalarheimili mánudaginn 22. júní kl. 10.00-11:00.

Kirkjubæjarklaustur:
Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili mánudaginn 22. júní kl. 14.00-15:00.

Höfn:
Skjólgarður, dvalarheimili þriðjudaginn 23. júní kl. 13:00-14:30.

Bent er á vefsíðurnar www.syslumenn.is og www.kosning.is, þar sem nálgast má eyðublöð og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur

Aðalskipulagsmál
Samkvæmt 30. og 40. gr. Skipulagslaga nr.123/2010 er kynnt skipulags- og matslýsing eftirfarandi skipulagsáætlunar.

1. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Suðurhlið Langjökuls – Íshellar**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 7.maí 2020 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og tveggja deiliskipulaga fyrir íshella. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að skilgreind verða afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli. Í nýju deiliskipulagi verður m.a. gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, lóðir, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja. Áformað er að gera íshelli í suðurhlið Langjökuls nálægt innstu Jarlhettum annars vegar, og hins vegar neðarlega á Suðurjökli, til að tryggja viðkomustaði fyrir ferðamenn í vélsleðaferðum á jöklinum. Innan skipulagslýsingar er jafnframt lögð fram matslýsing til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Deiliskipulagsmál
Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur og lýsing eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. **Borg í Grímsnesi - Miðsvæði og útivistarsvæði – Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 22.apríl 2020 að kynna og leita umsagna vega lýsingar deiliskipulags fyrir miðsvæði og útivistarsvæði að Borg í Grímsnesi. Í skipulaginu felst skilgreining tveggja reita innan þéttbýlismarka Borgar, annarsvegar 3 ha. miðsvæði meðfram Biskupstungnabraut og hins vegar 18 ha útivistarsvæði norðar byggðarinnar.

3. **Tjarnarhólar - Útivistar og göngusvæði – Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 22.apríl 2020 að kynna tillögu deiliskipulags fyrir útvistar og göngusvæði að Tjarnhólum. Innan deiliskipulagsins, sem tekur til um 35 ha svæðis, er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, gerð upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut.

4. **Efra-Apavatn 1A L226187, Efra-Apavatn 1 lóð L167652 og L167651 – Lýsing deiliskipulags**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 16.apríl 2020 að kynna lýsingu deiliskipulagsverkefnis fyrir Efra-Apavatn 1A L226187, Efra-Apavatn 1 lóð L167652 og L167651. Deiliskipulagssvæðið tekur til um 8,1 ha svæðis og eru afmarkaðar 11 frístundahúsalóðir, auk einnar lóðar fyrir bátaskýli. Aðkoma að svæðinu er um Laugarvatnsveg (37) og um aðkomuveg að svæðinu.

5. **Kringla 4 L227914 - Frístundabyggð – Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3.júní 2020 að auglýsa deiliskipulag frístundasvæðis í landi Kringlu 4. Deiliskipulagið tekur til um 22.6 ha svæðis og er innan hennar gert ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m2 að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árveg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b).

6. **Selholt L205326 - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3.júní 2020 að auglýsa deiliskipulag fyrir Selholt. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarreitum fyrir íbúðarhús, reiðhöll og hesthús og vélageymslu.

Samkvæmt 41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum/breytingum:

7. **Hestur lóð 90 L168596 – Breyttir skilmálar – Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3.júní 2020 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu frístundabyggðar í landi Hests. Í breytingunni felst að skilmálum er varðar byggingarefni og hámarks grunnflöt bygginga er breytt. Tekin er út kvöð er varðar skilmála um að hús skuli vera úr timbri eða öðru léttu byggingarefni. Gerð byggingarefnis húsa er því gefin frjáls en kvaðir um litaval eru óbreytt. Skilmálar er varða að hámarks grunnflötur húsa breytist úr 150 m2 í 200 m2. Skilmálar deiliskipulags breytast ekki að öðru leiti.

8. **Gámasvæði Seyðishólar - Stækkun svæðis og tilfærsla aðkomu - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 6.maí 2020 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu vegna gámasvæðis við Seyðishóla. Svæðið er staðsett við Búrfellsveg (351) rétt norðan við Biskupstungnabraut. Í breytingunni felst m.a. stækkun skipulagssvæðis, skilgreining lóðarmar, breyting byggingarreita auk tilfærslu á aðkomu inn á svæðið.

9. **Heiðarbraut 22 - Breytt stærð byggingarreits fyrir aukahús - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 20.maí 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Minnibæjar í Grímsnesi nr.7301 frá 2006. Í breytingunni felst að skilmálum er varðar hámarks byggingarmagn úthúsa er breytt úr 25 m2 í 40 m2 auk þess sem hámarks nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint 0,03. Skilmálar deiliskipulags breytast ekki að öðru leiti

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.blaskogabyggd.is og https://www.gogg.is
Skipulagstillögur og lýsingar nr. 1-6 eru í kynningu með athugasemdafrest frá 10.júní til og með 1.júlí 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 1.júlí 2020.
Skipulagstillögur nr. 7-9 eru auglýstar með athugasemdafrest frá 10. júní til og með 23. júlí 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 23.júlí 2020.
Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2551 Miðvikudagur 10. júní 2020

Íslendingar ætla að sækja Suðurlandið heim í sumar

Langflestir eða um níu af hverjum tíu hafa áform um að fara í ferðalag innanlands í sumar eða haust þar sem gist er yfir nótt samkvæmt könnun sem Ferðamálastofa lét framkalla fyrr í mánuðinum. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi í síðustu viku.

Flest ferðalög munu eiga sér stað seinni hluta júlímánaðar en þá ætla þrír af hverjum fimm landsmönnum að ferðast. Ríflega helmingur ætlar að ferðast fyrri partinn í júlí, tæplega helmingur fyrri hlutann í ágúst og tveir af hverjum fimm seinni hlutann í júní. Ferðalög dragast síðan saman þegar líður á ágúst og það sem eftir er árs. Langflestir (93%) ætla að ferðast um landið á eigin bifreið eða sem farþegi í einkabíl.

Fleiri konur en karlar segjast ætla í ferðalag í sumar og haust. Um þriðjungur kvenna og ríflega fjórðungur karla ætla í þrjár til fjórar ferðir og ríflega fjórðungur karla og kvenna í fimm eða fleiri ferðir.

Reynisfjara á Suðurlandi. Mynd: freepik.com

Hversu lengi ætla landsmenn að gista og í hvers konar tegund gistingar

Fjórðungur ætlar að gista eina til þrjár nætur á ferðalögum innanlands, tæplega fimmtungur fjórar til sex og tæplega fimmtungur sjö til tíu nætur. Þrír af hverjum tíu ætla að gista tvær vikur eða lengur. Landsmenn ætla að nýta fjölbreytta gistimöguleika á ferðalögum innanlands en um 38% ætla að gista á skipulögðum tjaldsvæðum, um 34% á hótelum og um 22% á gistiheimili eða sambærilegri gistingu. Fjölmargir ætla jafnframt að gista hjá vinum og ættingjum (35%) og í sumarhúsi í einkaeign (31%). Konur (30%) virðast ætla að gista hjá vinum og ættingjum í mun ríkari mæli en karlar (41%). Þeir sem eru á aldrinum 50 til 67 ára eru líklegri (45%) að nýta sér hótel en yngri aldurshópar og þeir sem eldri eru (29-31%). Hlutfall þeirra sem ætlar að nýta sér gistiheimili eða sambærilega gistingu eykst með hærri aldri. Þannig ætla 15% á aldrinum 18 til 29 ára að nýta sér þann valkost, 20% á aldrinum 30-49 ára, 27% á aldrinum 50-67 ára og 33% 68 ára og eldri. Vinsælustu gistimöguleikarnir hjá yngsta aldurshópnum (18-29 ára) eru skipulögð tjaldsvæði (54%), gisting hjá vinum og ættingjum (50%) og sumarhús í einkaeign (41%).

Hvaða landsvæði verða heimsótt

Norðurlandið og Suðurlandið eru þeir landshlutar sem flestir hafa hug á að heimsækja í sumar og haust og á það bæði við heimsóknir höfuðborgarbúa og íbúa á landsbyggðinni. Þar á eftir koma Austurlandið, Vesturlandið og Vestfirðirnir.

Sjómannadagurinn haldinn með óhefðbundnu sniði

Sjómannadagurinn á Eyrarbakka var haldinn með óhefðbundnu sniði. Venjulega er boðið upp á sjómannadagskaffi á Stað, koddaslag, ýmsar keppnir og fleira. Í ár var boðið upp á sjómannadagsmessu og skemmtisiglingu fyrir börnin. Það er Björgunarsveitin Björg á Eyrarbakka sem sá um að sigla örlítið út fyrir höfnina á bátum sínum og spretta ögn úr spori. Það voru þó nokkrir sem þáðu ferð með bátum björgunarsveitarinnar þrátt fyrir að frekar kalt væri í lofti.

Einhverjir nýttu sér að sigla út fyrir höfnina á Eyrarbakka á sjómannadaginn sem haldinn var hátíðlegur með óhefðbundnu sniði.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

DFS.IS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Stálsmíði
- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði
Andraco ehf
Lynghæð, Urriðafossvegi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson · Svanhildur Eiríksdóttir · Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25. ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is